

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2001

frá 9. nóvember 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/53/EB frá 15. nóvember 1994 um breytingu á 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/91/EBE um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/316/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi innri stjórnþúnað vélknúinna ökutækja (merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/1/EB frá 22. janúar 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 70/220/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32001 L 0001:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/1/EB frá 22. janúar 2001 (Stjtið. EB L 35, 6.2.2001, bls. 34).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 299, 22.11.1994, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 35, 6.2.2001, bls. 34.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 34. lið (tilskipun ráðsins 78/316/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **394 L 0053:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/53/EB frá 15. nóvember 1994 (Stjtíð. EB L 299, 22.11.1994, bls. 26).“

3. gr.

Texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/53/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/1/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P.K. Mannes

M. Brinkmann